Friðrik Arnarson

„Allir í mat“

Þróunarverkefni – fjölbreytt námsmat í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar 2009-2010

Lokaskýrsla

Júní 2010

Efnisyfirlit

	bls.
Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Þróunarverkefnið „Allir í mat“	3
- Verklýsingar	3
Verkefni vetrarins	5
Niðurstöður	8
Viðaukar	9

Inngangur

Grunnskóli Dalvíkurbyggðar er með tvær starfstöðvar, á Dalvík og í Árskógi. Alls eru í skólanum um 310 nemendur, 260 í Dalvíkurskóla og 50 í Árskógarskóla. Samvinna milli skólanna hefur aukist mikið á undanförnum árum.

Skólaárið 2008–9 hófst á því að kennarar Grunnskóla Dalvíkurbyggðar ákváðu að endurskoða námsmat og aðferðir skólans við það. Nokkru áður höfðu kennarar fengið kynningu á fjölbreyttu námsmati í öðrum skólum og voru hvattir til að þróa námsmatsaðferðir skólans. Kennarar prófuðu þennan vetur ýmsar aðferðir við námsmat sem ekki höfðu verið notaðar áður, farið var í kynnisferð í Hrafnagilsskóla, sýnismöppur voru innleiddar og einnig var mikil umræða um vægi prófa í námsmati skólans.

Fyrir skólaárið 2009–10 fékkst styrkur úr Sprotasjóði til áframhaldandi vinnu við námsmat. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands, var leiðbeinandi og þátttakendur voru kennarar 4.–10. bekkjar auk verkgreinakennara.

Ingvar fylgdi verkefninu úr hlaði 17. ágúst með kynningu á straumum og stefnum í námsmatsmálum. Þá fjallaði hann um þær námsmatsaðferðir sem efst hafa verið á baugi að undanförnu og sýndi dæmi úr ýmsum skólum þar sem kennarar hafa verið að þróa námsmatsaðferðir sínar. Rætt var um stöðu mála í skólanum og hvert stefna skyldi. Þann 18. ágúst fengu kennarar kynningu frá kennurum Hrafnagilsskóla sem unnið höfðu samskonar þróunarverkefni nokkru fyrr.

Kennarahópnum var skipt í þrennt og vann hver hópur sjálfstætt að eigin áherslum á námsmati. Kennarar 4.–6. bekkjar, 7.–10. bekkjar og verkgreinakennarar unnu saman í hópum sem hittust vikulega allan veturinn.

Á nýju ári hittust allir hóparnir ásamt leiðbeinanda og fóru yfir vinnu fyrri hluta skólaársins og skiluðu stöðuskýrslum. Undir lok skólaársins var haldið innanhússþing til að gera upp vinnu vetrarins og setja markmið fyrir næsta skólaár.

Þróunarverkefnið *„Allir í mat“*

Markmið þróunarverkefnis Grunnskóla Dalvíkurbyggðar var að endurskoða námsmat, gera það einstaklingsmiðað og leiðbeinandi fyrir nemendur og foreldra og stuðla að sjálfsmati nemenda. Lögð var áhersla á að kennarar:

- ✓ dýpkuðu þekkingu sína í námsmatsfræðum
- ✓ væru óhræddir við að prófa nýjar námsmatsaðferðir
- ✓ þróuðu eigin námsmatsaðferðir
- ✓ stuðluðu að einstaklingsmiðuðum námsmatsaðferðum
- ✓ miðluðu af reynslu sinni til annarra kennara
- ✓ ynnu að námsmatsáætlun skólans

Verklýsingar

Vinnuhóparnir þrír unnu verklýsingar að hausti, settu sér markmið og ákváðu hvernig þeir vildu útfæra verkefnið. Hóparnir skilgreindu vinnu vetrarins, settu sér markmið og tímaáætlun. Hóparnir voru sjálfstæðir í vinnu og höfðu frjálsar hendur um efnistök. Kennarar höfðu eina klukkustund á viku til samstarfs, auk þess að sinna verkefnum milli funda.

Verkgreinakennarar – Verksvit

Hópurinn kom saman og vann að eftirfarandi verkáætlun:
Þátttakendur: Allir kennarar sem koma að kennslu verkgreina.

Skilgreining/afmörkun: Innleiðing leiðsagnarmats. Námsmat notað til að meta sterkar og veikar hliðar nemenda og leiðbeina nemendum í náminu.

Meginmarkmið:

- ✓ Í upphafi kennslunnar liggi það ljóst fyrir hvað meta á að loknum ákveðnum námsþætti.
- ✓ Gefa foreldrum og nemendum leiðbeinandi upplýsingar um raunverulega stöðu nemendans sem nýtist til að bæta námsárangur.
- ✓ Námsmatið verði til að byggja upp nemendur og auka/bæta sjálfsmynd þeirra og árangur.

Útfærsla: Nota gátlista í námsmatinu sem byggjast á því að vinna nemenda sé stöðugt metin á því tímabili sem um ræðir.

Mat: Kennarar hittast reglulega og bera saman bækur sínar.

Kennarar 4.–6. bekkjar

Þátttakendur: Kennarar, leiðbeinendur og stuðningsfulltrúar í 4.–6. bekk.

Skilgreining/afmörkun: Á haustönn ætlum við að einbeita okkur að samskiptum og hegðun nemenda. Þróa námsmöppur nemenda hvað varðar val og vinnubrögð.

Meginmarkmið:
- ✓ Samræming á milli bekkja.
- ✓ Markvissari eftirfylgni yfir alla önnina á hegðun og samskiptum.
- ✓ Efla nemendur í að taka sjálfstæðar ákvarðanir og rökstyðja val sitt á verkefnum sem fara í námsmöppurnar.

Útfærsla: Útbúa gátlista sem kennarar merkja við reglulega yfir önnina. Í lok annar verða sendar heim upplýsingar um samskipti og hegðun nemenda. Útbúa blað fyrir hvern árgang með leiðbeiningum um val á þeim verkefnum sem fara eiga í námsmöppurnar fram til áramóta. Kennarar munu stýra vali í möppurnar í 4. bekk en eldri nemendur velji meira sjálfir hvaða verkefni fara í þær.

Mat: Sjálfsmat kennara og umræðuhópur um markmiðin. Námsmöppurnar verða skoðaðar í desember til að sjá hvort farið var eftir leiðbeiningum um val á verkefnum.

Kennarar 7.–10. bekkjar – Í upphafi skyldi endinn skoða

Þátttakendur: Allir kennarar sem koma að kennslu á eldra stigi að verkgreinakennurum undanskildum.

Skilgreining/afmörkun: Innleiðing leiðsagnarmats. Námsmat notað til að meta sterkar og veikar hliðar nemenda og leiðbeina nemendum í náminu.

Meginmarkmið:
- ✓ Að í upphafi kennslunnar liggi það ljóst fyrir hvað meta á að loknum ákveðnum námsþætti.
- ✓ Gefa foreldrum og nemendum leiðbeinandi upplýsingar um raunverulega stöðu nemendans sem nýtist til að bæta námsárangur.
- ✓ Að námsmatið sé til að byggja upp nemendur og auka/bæta sjálfsmynd þeirra og árangur.

Útfærsla: Nota gátlista og marklista í námsmatinu sem byggist þá á því að vinna nemenda sé stöðugt metin í kennslustundum.

Mat: Kennarar hittast á vikulegum fundum og segja frá því sem þeir eru að gera og vinna að sameiginlegum verkefnum.

Verkefni vetrarins

Í verkefnalýsingu var lögð áhersla á að kennarar reyndu ýmsar námsmatsaðferðir. Margar aðferðir voru prófaðar, ýmist af einstökum kennurum eða kennarahópnum.

Á innanhússþingi þann 7. júní kynntu kennarar afrakstur vetrarins. Allir höfðu prófað eitthvað nýtt í námsmatsaðferðum sínum og lagt sitt að mörkum inn í þróunarverkefnið. Skipta mátti nýjungum í námsmatsaðferðum í tvo flokka, annars vegar allt sem ákveðið hafði verið að næði yfir allan skólann, t.d. leiðsagnarmat að hausti og námsmatsáætlun skólans, og hins vegar aðferðir sem einstakir kennarar prófuðu.

Leiðsagnarmat að hausti: Um miðjan nóvember fengu nemendur skólans leiðsegjandi mat um samskipti, hegðun, framkomu, virkni í tímum og námstækni, mismunandi eyðublöð eftir aldri. Undirbúningur námsmatsins hófst í október þegar foreldrar fengu upplýsingar um matsatriði haustannar. Útbúnir voru matslistar sem kennarar höfðu meðferðis í kennslustundir og merktu við. Listarnir voru notaðir þegar kom að því að vinna námsmat sem sent var heim nokkrum dögum fyrir foreldraviðtöl. Almennt voru foreldrar ánægðir með námsmatið og kennarar voru sömuleiðis ánægðir, þó komið hafi í ljós að breyta þarf nokkrum matsþáttum fyrir næsta skólaár. Nemendur á unglingastigi áttu að undirbúa sig fyrir viðtal hjá umsjónarkennara með því að skrá sterkar og veikar hliðar sínar og setja sér markmið fyrir veturinn. Í viðauka 1–A er sýnishorn af leiðsagnarmati yngra stigs, 1–B er sýnishorn frá eldra stigi og 1–C er sýnishorn af leiðsagnarmati sem hópur verkgreina– og íþróttakennarar unnu.

Möppupróf–atrennupróf: Námsmatsvika var í febrúar. Á unglingastigi fengu nemendur möppu með fjórum prófum; íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku, og höfðu einn klukkutíma á dag í fimm daga til að leysa prófin. Almenn ánægja var með möppu–/atrennuprófin hjá foreldrum, nemendum og kennurum. Kennarar 4. –6. bekkjar voru með atrennu–/glósupróf að vori og gengu þau vel fyrir sig.

Foreldrar töluðu um að nemendur hefðu lært mikið fyrir og á milli prófa og gott hefði verið að geta farið heim á milli prófa og skoðað námsþætti heima og undirbúið næsta dag.

Sjálfsmatslistar: Unnir voru sjálfsmatslistar sem notaðir voru á vorönn. Þar mátu nemendur vinnu sína yfir veturinn. Nemendur í yngri árgöngum fengu *broskallalista* (sjá viðauka 2–A), en eldri nemendur fengu ítarlegri sjálfsmatslista (sjá viðauka 2–B). Áætlað var að nýta vorönnina til að útbúa sjálfsmatslista fyrir nemendur á unglingastigi en ekki vannst tími til að útfæra þá vinnu að fullu. Matslistar voru búnir til svo nemendur gætu metið vinnu sem birtist í sýnismöppu vetrarins. Íþróttakennarar létu nemendur meta vinnu sína og einstaka áhersluþætti vetrarins (sjá viðauka 2–C).

Fjölmargir aðrir sjálfsmatslistar voru útbúnir fyrir nemendur til að meta vinnu sína í einstaklingsverkefnum eða hópverkefnum (sjá viðauka 2–D og 2–E).

Sýnismöppur: Á síðasta skólaári voru sýnismöppur útbúnar og afhentar nemendum 1. –6. bekkjar. Í þær var byrjað að safna sýnishornum af vinnu þess vetrar. Áfram var unnið með sýnismöppur í vetur og söfnuðu nemendur sýnishornum eftir ákveðnum fyrirmælum (sjá viðauka 3–A og 3–B). Einnig áttu nemendur að rökstyðja val sitt á verkefnum í sýnismöppuna (sjá viðauka 3–C). Elstu nemendur skólans fengu einnig fyrirmæli um gögn sem setja átti inn í sýnismöppu (sjá viðauka 3–D). Á vorhátíð skólans var haldinn sýnismöppudagur þar sem foreldrar gátu skoðað möppuna með börnum sínum. Almenn ánægja var með sýnismöppurnar og nemendur lögðu sig fram og vönduðu til verka við val á verkefnum í möppuna. Eftir tvö ár munu allir nemendur eiga sérstaka sýnismöppu með sýnishornum frá a.m.k. 4 námsárum.

Heimapróf: Þessi aðferð til námsmats var prófuð og gekk vel. Nemendur og foreldrar voru ánægðir með þessa námsmatsaðferð og þar gátu foreldrar séð og fylgst með námsmatinu. Nemendur fengu fyrirmæli um það hvernig leysa átti prófin og foreldrar aðstoðuðu við verkið.

Færnimat í íþróttum: Íþróttakennarar unnu lista um færnimat í sundi og boltafærni upp úr markmiðum aðalnámskrár. Listarnir gefa góða mynd af stöðu nemenda og hvað þeir þurfa að laga og hægt er að skrifa umsagnir (sjá viðauka 4).

Samvinnupróf: Nokkrir kennarar notuðu samvinnupróf til að meta námsárangur. Þessi próf reyna mikið á samvinnu, kenna nemendum að vinna saman, treysta samstarfsaðilum og vanda vinnubrögð.

Hópmat/sjálfsmat: Kennarar 4.–7. bekkjar unnu lista þar sem nemendur áttu að meta hópvinnu, hvort heldur eigin frammistöðu og árangur hópsins. Þessir listar gerðu mikla kröfu á gagnrýna hugsun og gagnrýni á eigin vinnu (sjá viðauka 5–A). Í ljós kom að nemendur þurftu þjálfun í að svara svona listum, enda voru þeir ekki vanir slíku mati. Auk nemendalista voru kennarar með lista til að meta hópastarf (sjá viðauka 5–B).

Jafningjamat: Í náttúrufræði prófaði kennari að afhenda nemendum lista þar sem þeir mátu frammistöðu annarra nemenda við verkefnaskil (sjá viðauka 6).

Nemendasamtöl: Skólaárið hófst með því að allir nemendur og foreldrar voru boðaðir í viðtal hjá viðkomandi umsjónarkennara. Spurningalistar voru sendir heim til þess að foreldri og barn gætu undirbúið viðtalið (sjá viðauka 7). Í því var farið yfir verkefni vetrarins og rætt um væntingar barns og foreldra til náms, námsumhverfis og hvaða markmið nemandinn setti sér fyrir veturinn. Viðtölin gengu vel fyrir sig, kennurum fannst gott að byrja skólaárið á því að hitta nemendur sína og foreldra þeirra. Í viðtölunum komu fram ýmsar upplýsingar sem annars hefðu ekki komið fram fyrr en síðar.

Umsjónarkennari tók nemendur 10. bekkjar í viðtöl í vetur. Hann náði að ræða tvisvar við hvern nemenda og kallaði þetta óformlega viðtal *sófaspjall*. Viðtölin voru óformleg, nemendur sóttir í tíma og farið yfir líðan, námið, vandamál, skipulag og það sem vel gekk. Ekkert var skrifað niður í viðtalinu, en kennari skráði hjá sér upplýsingar að viðtali loknu. Almenn ánægja var með viðtölin og ýmislegt kom fram sem hægt var að vinna frekar með. Í viðtölunum þurftu nemendur að meta námslega stöðu sína, félagslega stöðu og eigin getu. Viðtölin voru tímafrek og kröfðust þess að vel væri haldið utan um upplýsingar sem þar komu fram. Þau voru góður stuðningur við störf félagsráðgjafa skólans.

Marklistar: Kennarar unnu marklista upp úr námsefni og afhentu nemendum áður en farið var í námsefni. Listarnir gáfu til kynna markmið, áherslur í námi og hvernig námsmati var háttað. Listarnir voru þannig útbúnir að nemendur merktu við þegar þeir voru búnir að fara í viðkomandi námsþátt/námsmarkmið. Þannig vissu nemendur til hvers var ætlast af þeim og hvort þeir höfðu staðist markmiðin. Almennt voru nemendur ánægðir með þessa lista. Í viðauka 8 A–D gefur að líta sýnishorn af marklistum sem unnir voru í vetur og listar sem notaðir voru til að meta verkefni og vinnu nemenda.

Námsmatsáætlun: Eitt af verkefnum vetrarins var að ljúka við námsmatsáætlun Grunnskóla Dalvíkurbyggðar. Þeirri vinnu lauk á vorönn. Helstu niðurstöður þeirrar vinnu voru að nemendur 1.–5. bekkjar fá umsagnir í öllum fögum (sjá viðauka 9–A). Nemendur 6. bekkjar fá umsagnir á haustönn og byrja að fá einkunnir á vetrarönn. Nemendur 7. –10. bekkjar fá einkunnir (1–10) (sjá viðauka 9–B). Ákveðinn stígandi er í upplýsingagjöf á milli árganga. Lögð var áhersla á meta þekkingu og færni sem nemandi öðlast á fyrstu skólaárunum og að námsmat sé einstaklingsmiðað og leiðbeinandi fyrir foreldra.

Niðurstöður

Markmið verkefnisins var að bæta námsmat og gera það fjölbreyttara, draga úr vægi skriflegra prófa og gera þau einstaklingsmiðuð. Fullyrða má að skólinn hafi færst nær þessum markmiðum.

Þróunarverkefninu lauk með innanhússþingi mánudaginn 7. júní. Þar gafst góður tími til að meta afrakstur vetrarins og hverju það hafði skila inn í skólastarfið. Vinnuhóparnir kynntu vinnuframlag og niðurstöður. Þar kom fram almenn ánægja með verkefnið. Sumir kennarar fóru hægt af stað og áttu erfitt með að afmarka sig en allir prófuðu einhverjar nýjungar. Sett voru markmið fyrir næsta skólaár; að halda áfram að þróa námsmatið og gera það fjölbreyttara, einnig að auka upplýsingar til nemenda og foreldra um námsmatið.

Kennarar voru ánægðir með að gera nemendur ábyrgari í eigin námsmati, t.d. voru sýnismöppurnar gott tæki til að virkja nemendur, sjálfsmatslistar og einstaklingsviðtöl voru einnig til að efla þá og styrkja.

Íþróttakennarar unnu mikið starf til að meta færni nemenda og liggja fjölmargir matslistar eftir veturinn sem nýtast munu og koma til með að sýna þróun, þroska og aukna færni í íþróttum og sundi.

Á fundartíma hópanna var stundum tekist á um stefnu í námsmati og hvernig ætti að byggja námsmat upp, fyrir hvern það væri og mikilvægi skriflegra prófa. Þetta var þörf umræða þó svo einhverjum þyki erfitt að takast á um skólamál. Öll umræða ætti að vera til góða og stuðla að því að komast að sameiginlegri niðurstöðu sem hægt er að vinna eftir.

Skólastjórnendur voru ánægðir með vinnu vetrarins. Námsmatsáætlun var unnin sem nýtast mun skólanum, gera námsmat markvissara og stilla saman strengi kennara. Á tímabili kom nokkur lægð í vinnuna og hóparnir voru ekki nógu virkir. Hins vegar liggur mikið af gögnum eftir veturinn og kennarar skólans eru meðvitaðir um að námsmat verður að vera fjölbreytt og það verður að gefa heildarmynd af getu nemandans. Eftir liggur í skólanum mikil þekking og hvatinn til að gera betur, fylgjast betur með því sem er að gerast í námsmatsaðferðum og halda áfram að þróa og bæta skólastarfið. Mat ráðgjafa er að mjög vel hafi tekist til og að kennarar hafi leyst þetta viðfangsefni með faglegum hætti. Kennarar hafa verið óragir við að prófa ólíkar aðferðir og ánægjulegt að sjá að þeir eru ákveðnir í að halda þessu starfi áfram.

Huga þarf vel að því þegar þróunarverkefni eru unnin að verklýsingar séu góðar, að tímarammi sé afmarkaður og virtur. Þá er áríðandi að öll skil séu á réttum tíma. Einnig er mikilvægt að miðla upplýsingum á milli allra, hittast og segja frá því sem hinir eru að gera. Það eflir og bætir faglegt starf kennara og árangurinn verður betri. Gera þarf skýra kröfu um skrifleg skil frá öllum og fá skýrslur um það sem unnið var.

Viðaukar

Viðaukar 1 – Leiðsagnarmat **Bls.**

Viðauki 1–A
Leiðsagnarmat á yngra stigi 10
Viðauki 1–B
Leiðsagnarmat á eldra stigi. 11
Viðauki 1–C
Leiðsagnarmat íþróttakennara 12

Viðaukar 2 – Sjálfsmatslistar

Viðauki 2–A
Sjálfsmatslisti frá yngra stigi 13
Viðauki 2–B
Sjálfsmatslisti frá eldra stigi 14
Viðauki 2–C
Sjálfsmatslisti í íþróttum 15
Viðauki 2–D
Sjálfsmat í íslensku, 7. bekkur 17
Viðauki 2–E
Sjálfsmatslisti í dönsku 18

Viðaukar 3 – Sýnismöppur

Viðauki 3–A
Frá yngra stigi. Hvað á að fara í sýnismöppu? 20
Viðauki 3–B
Frá 6. bekk. Hvað á að fara í sýnismöppu? 21
Viðauki 3–C
Rökstuðningur nemenda. 22
Viðauki 3–D
Frá eldra stigi. Hvað á að fara í sýnismöppu? 23

Viðauki 4 – Færnimat í sundi 26

Viðaukar 5 – Hópmat

Viðauki 5–A
Hópmat fyrir nemendur 7. bekkjar 27
Viðauki 5–B
Matslisti kennara á hópastarfi 28

Viðauki 6 – Jafningjamat í náttúrufræði 29

Viðauki 7 – Nemendasamtöl 30

Viðaukar 8 – Marklistar

Viðauki 8–A
Marklisti fyrir 3. bekk. 31
Viðauki 8–B
Námsmat í ensku 32
Viðauki 8–C
Marklisti í stærðfræði 33
Viðauki 8–D
Marklisti í dönsku 34

Viðaukar 9 – Námsmatsáætlun

Viðauki 9–A
Námsmatsáætlun fyrir 4. –6. bekk 35
Viðauki 9–B
Námsmatsáætlun fyrir 7. –10. bekk 38

Viðauki 1–A
Leiðsagnarmat á yngra stigi

Vitnisburður um samskipti og hegðun í skólanum

Nafn/bekkur :

Nemandi...

...vinnur vel með öðrum

☐☺
☐😐
☐☹

...fer eftir fyrirmælum

☐☺
☐😐
☐☹

...sýnir góða framkomu

☐☺
☐😐
☐☹

...er jákvæður

☐☺
☐😐
☐☹

...virðir reglur bekkjarins

☐☺
☐😐
☐☹

...er virkur í umræðum

☐☺
☐😐
☐☹

...á góð samskipti við bekkjarfélaga

☐☺
☐😐
☐☹

...vinnur heimavinnuna sína vel

☐☺
☐😐
☐☹

Viðauki 1–B
Leiðsagnarmat á eldra stigi. Kennarar fylltu út fyrir sína námsgrein í vitnisburðarbók nemandans.

Námsgrein:

Námstækni		☺	😐	☹
Námsgögn	heldur utan um námsgögn og gengur vel um þau			
	er tilbúinn með námsgögn í upphafi kennslustundar			
Skipulag	skipuleggur vinnu sína			
	sýnir snyrtileg vinnubrögð			

Virkni		☺	😐	☹
Frumkvæði	sýnir frumkvæði í leik og starfi			
	sýnir sjálfstæð vinnubrögð			
Vinnuframlag	nýtir kennslustundir til náms			
	leggur sig fram um að ljúka verkefnum			

Framkoma		☺	😐	☹
Fylgir reglum	fylgir skóla- og bekkjarreglum			
Samvinna	virðir skoðanir annarra			
	á gott með að vinna með öðrum			
Viðhorf	er jákvæð(ur) í leik og starfi			
	er opinn fyrir nýjum hugmyndum og verkefnum			
	hvetur aðra			

Kennari:_____

Viðauki 1–C
Leiðsagnarmat íþróttakennara til að meta námsframvindu nemenda.

Íþróttir

Nafn:

5. bekkur	Þarfnast frekari þjálfunar.	Framvinda sæmileg.	Framvinda góð.	Markmiði náð.
Færni í boltaíþróttum . Boltaíþróttir. Kasta, grípa, senda og taka á móti.	Færni er lítil og þarf að aukast. Er ekki örugg(ur) með rétta tækni en getur framkvæmt sumt. Þekkir og notar nokkrar reglur í leikjum.	Hefur þróað einhverja færni. Reynir að nota rétta tækni og tekst stundum vel upp. Þekkir og fylgir flestum reglum leikja.	Færni er almennt góð. Notar að mestu rétta tækni á árangursríkan hátt. Þekkir og reynir að nota reglur leikja.	Færni náð. Notar rétta tækni á árangursríkan hátt. Kann og notar reglur leikja.
Leikir. Eltingaleikir, hópleikir, þrautaleikir.	Færni er lítil og þarf að aukast. Er ekki örugg(ur) með rétta tækni en getur framkvæmt sumt. Þekkir og notar nokkrar reglur í leikjum.	Hefur þróað einhverja færni. Reynir að nota rétta tækni og tekst stundum vel upp. Þekkir og fylgir flestum reglum leikja.	Færni er almennt góð. Notar að mestu rétta tækni á árangursríkan hátt. Þekkir og reynir að nota reglur leikja.	Færni náð. Notar rétta tækni á árangursríkan hátt. Kann og notar reglur leikja.
Hreysti Þol og kraftur.	Er almennt ekki í formi. Tekur þátt en þarf ítrekað hvíldir í þol- og styrktaræfingum.	Er nokkuð hraust(ur). Getur tekið þátt í þjálfun án mikilla hvílda.	Er almennt vel á sig komin(n) og getur tekið þátt í þjálfun án hvíldar.	Er hraust(ur). Getur alltaf tekið þátt í fjölbreyttri þjálfun á fullum krafti.
Viðhorf og hegðun	Hefur neikvæð áhrif á bekkinn og truflar aðra nemendur. Er oft að fíflast og er óvirkur í tímum. Sýnir óíþróttamannslega framkomu.	Sýnir jákvætt viðhorf. Er þó stundum að fíflast. Stundum hvetjandi og góður við bekkjafélaga. Sýnir stundum íþróttamannslega framkomu	Sýnir jákvætt viðhorf. Hegðun almennt góð. Er oft hvetjandi og góður við bekkjarfélaga. Sýnir oftast íþróttamannslega framkomu.	Er fyrirmynd annara. Er alltaf jákvæður. Hegðun til fyrirmyndar. Hvetur og er góður félagi. Sýnir alltaf íþróttamannslega framkomu.
Virkni	Tekur aðeins þátt í því sem nemenda finnst skemmtilegt. Reynir helst ekki að læra nýja hluti. Hlustar illa á fyrirmæli.	Prófar yfirleitt þó sér finnist hlutirnir ekki skemmtilegir. Reynir að læra nýja hluti. Reynir að hlusta og fylgja fyrirmælum.	Reynir sitt besta og vill læra það sem skiptir máli. Hlustar vel og spyr stundum spurninga til að læra meira.	Gerir alltaf sitt besta. Reynir alltaf að bæta sig. Hjálpar öðrum að bæta sig. Hlustar af athygli. Spyr spurninga til að auka þekkingu á viðfangsefni.
Færni í leikfimi. fimleikar, veltur, sveiflur, stökk, jafnvægi.	Færni er lítil og þarf að aukast. Er ekki örugg(ur) á grunnatriðum en tekst stundum að framkvæma þau.	Færni er sæmileg. Reynir að nota rétta tækni og tekst oft vel upp við æfingar.	Færni er almennt góð. Notar oftast rétta tækni og tekst vel að framkvæma þær.	Færni er afburða góð. Notar rétta tækni í framkvæmd æfinga.

Viðauki 2–A
Sjálfsmatslisti sem unnin var á yngsta stigi í tengslum við verkefnið Örkin hans Nóa.

Verkefni: **Örkin hans Nóa**

Tímabil: **október 2008**

Nafn:

_____

Mat nemanda

Mér fannst þemað vera ...	☺ 😐 ☹
Ég vann vel	☺ 😐 ☹
Ég vandaði mig við verkefnin mín	☺ 😐 ☹
Ég vann vel með öðrum	☺ 😐 ☹
Það besta við þemað var _____ _____	

Mat umsjónarkennara

Nemandi sýndi viðfangsefnum áhuga	☺ 😐 ☹
Nemandi vann vel	☺ 😐 ☹
Nemandi vandaði sig við að vinna verkefnin sín	☺ 😐 ☹
Nemanda gekk vel að vinna með öðrum	☺ 😐 ☹

Viðauki 2–B
Sjálfsmatslisti sem nemendur 7.–10. bekkjar unnu í tengslum við sýnismöppu.

Dalvíkurskóli
Eldra stig
Vorönn 2010

Sjálfsmat

Nafn: _____ Námsgrein: _____

Á vorönn leggjum við áherslu á að nemendur skili inn sýnismöppu með broti af því besta sem þeir hafa unnið í vetur. Þið hafið fengið lista yfir þau gögn sem eiga að vera í möppunni. Í öllum fögum á að skila sjálfsmatslista og meta eigin framistöðu. Hér fer listi yfir atriði sem þú átt að meta og setja inn í möppuna þína.

	Alltaf	**Oftast**	**Sjaldan**	**Aldrei**
Ég vinn heimanámið mitt				
Ég mæti með öll gögn í tíma				
Ég er tilbúin(n) með öll gögn í upphafi tíma				
Ég nýti tímann minn í kennslustundum vel				
Ég vinn best með öðrum				
Ég vinn best ein(n)				
Í vetur hef ég lagt mig fram í námi				
Ég masa/trufla kennslu				
Ég er jákvæð/ur				
Ég er þolinmóð/ur				
Ég aðstoða bekkjarfélaga mína við nám				
Ég geng vel um eigur mínar og annarra				
Mér líður vel í tímum				

Hvert var áhugaverðasta verkefni vetrarins:

_____

_____

Hvaða verkefni var minnst áhugavert í vetur:

_____

_____

_____
Undirskrift nemanda

Viðauki 2–C
Í íþróttum fylltu nemendur út sjálfsmatslista.

2009-2010

Líkams- og heilsurækt

Nafn:

	JÁ	Hvorki né	NEI
Ég er áhugasöm/samur.	☺	😐	☹
Ég er dugleg/ur.	☺	😐	☹
Ég hegða mér vel.	☺	😐	☹
Ég get hlaupið hratt.	☺	😐	☹
Ég get hlaupið lengi.	☺	😐	☹
Ég er sterk/ur.	☺	😐	☹
Ég er liðug/ur.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í íþróttum.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í sundi.	☺	😐	☹

Mér finnst skemmtilegt í hlaupaleikjum.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í boltaleikjum.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í boltaíþróttum.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í þrautabrautum.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í dansi.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í hjólaferð.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í ratleik.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í skíðaferð.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í skautaferð.	☺	😐	☹
Mér finnst gaman að leika á snjóþotu.	☺	😐	☹
Mér finnst útiíþróttir skemmtilegar.	☺	😐	☹
Mér finnst skemmtilegt í sundi.	☺	😐	☹

Viðauki 2–D
Sjálfsmat að loknu íslenskuverkefni í 7. bekk.

Íslenska Skólaárið 2009–2010

Sjálfsmat 7. bekkur

Nafn nemanda : _____

Ég kann:	mjög vel	sæmilega	kann ekki	
Nafnorð				
Sérnöfn				
Samnöfn				
Kyn				
Tala				
Fallbeyging				
Sambeyging				
Andheiti				
Samheiti				
Stofn				
Greinir				
-n eða -nn í endingum				
Sagnorð				
Nafnháttur				
Stofn				
Nútíð				
Þátíð				
Lýsingarorð				
Stofn				
Kyn				
Tala				
Stigbreyting				
Fallbeyging				
Sambeyging				
-n eða -nn í endingum				
Bein ræða				
Óbein ræða				

Viðauki 2–E
Sjálfsmatslisti í dönsku fyrir nemendur í 8.–10. bekk, lagður fyrir að hausti.

Danska
Skólaárið 2009–2010
Sjálfsmat

Nafn nemanda : _____
8. –10. bekkur

ÉG ÞEKKI TIL....	Mjög vel	Sæmilega	Kann ekki
Orða í dönsku sem tengjast eftirfarandi orðhópum :			
Vikudagar			
Mánuðir			
Tölur			
Litir			
Fjölskyldan			
Skólafög – námsgreinar			
Líkaminn			
Dýr			
Viðburðir; t.d. jól, páskar, ferming			
Matur			
Tilfinningar			
Fatnaður			
Persónulýsingar			
Áhugamál			
Híbýli – herbergjaskipan			
Baðherbergið			
Eldhúsið			
Stofan			
Unglingaherbergið			
Starfsheiti			
Íþróttir			
Veður			
Samgöngur			
Tímaákvarðanir			
Danskrar málfræði:			
Skammstafanir			
Spurnarfornöfn			
Forsetningar			
Ákveðinn greinir			
Óákveðinn greinir			
Lýsingarorð; stigbreyting			

Nafnorð; kyn og fleirtala			
Nútíð sagnorða			
Þátíð sagnorða			
Persónufornöfn			
Boðháttur sagnorða			
Nokkrar algengar sagnir			
Frumtölur og raðtölur			
Andheiti/samheiti			

Viðauki 3–A
Yngstu nemendur skólans fengu upplýsingar um það sem setja átti í sýnismöppuna.

NÁMSMAPPAN MÍN

Í námsmöppunni verða meðal annars:

- ☆ Upplýsingar um nemendur
- ☆ Ýmis verkefni, svo sem frumsamdar sögur og ljóð, skriftarblöð, þrautalausnir og teikningar
- ☆ Myndir af verkefnum í verkgreinum, verklýsingar nemanda og umsagnir kennara
- ☆ Matsblöð eftir þemavinnu; sjálfsmat nemanda og mat kennara
- ☆ Sýnishorn af heimavinnu
- ☆ Upplýsingar um lestrarframmistöðu
- ☆ Bókagagnrýni nemanda
- ☆ Ljósmyndir af einstökum verkefnum
- ☆ _____
- ☆ _____

Munum að vanda allan frágang og ganga vel um möppuna.

Viðauki 3–B
Nemendur 6. bekkjar fengu upplýsingar um það sem setja átti í sýnismöppuna.

Námsmappa 6. bekkur

Það sem á að vera komið í námsmöppuna um áramót.

- ☐ Tölvuverkefni
- ☐ Lífsleikni (myndir, verkefni)
- ☐ Jákvæð lýsing á sjálfum sér
- ☐ Myndir úr verkgreinum
- ☐ Stærðfræði
- ☐ Sögugerð
- ☐ Hvað gerum við á bekkjarfundum
- ☐ Verkefni sem tengist söguaðferðarverkefni
- ☐ Sjálfsmat í lok söguaðferðar
- ☐ Sýnishorn af skriftarverkefni
- ☐ Verkefni úr náttúrufræði
- ☐ _____
- ☐ _____

Viðauki 3–C
Rökstuðningur nemenda fyrir vali á verkefni í sýnismöppu.

Verkefni að eigin vali

Ég valdi þetta verkefni af því að:

_____

_____

_____

_____

Viðauki 3–D
Nemendur 9. bekkjar fengu upplýsingar um það sem setja átti í sýnismöppuna.

Dalvíkurskóli
Sýnismappa 2009–10
9. bekkur

Á vorönn eiga allir nemendur á unglingastigi að safna verkefnum sem unnin hafa verið í vetur saman í möppu. Velja skal bestu verkefnin og setja í sérstaka möppu sem námsmat verður byggt á.

Í sýnismöppunni eiga eftirfarandi verkefni að vera:

Stærðfræði:
Í möppuna skal setja:
- Eina stærðfræðikönnun.
- Sýnishorn/útreikningar úr einum kafla í námsbókinni.
- Sjálfsmat: Eyðublað frá kennara.

Íslenska:
Í möppuna skal setja:
- Velja 4 fjölbreytt verkefni, höfum m.a. unnið með bókmenntir, stafsetningu, málfræði, ritun og lestur, flest eru í Skerpumöppunum.
- Bókarýniblöð.
- Ritgerð.
- Sjálfsmatslista.

Enska:
Í möppuna skal setja:
- 4 verkefni að eigin vali, t.d. ritunarverkefni, könnun, verkefnahefti.
- Sjálfsmatslista.

Danska:
Í möppuna skal setja:
- Ritun.
- Glósur.
- Lausablaðaverkefni.
- Sjálfsmat: Eyðublað frá kennara.

Náttúrfræði:
Í möppuna skal setja:
- Skýrslur eftir tilraunir.
- Heimanám.

- Tímaverkefni.
- Sjálfsmatslista.

Samfélagsfræði:
Í möppuna skal setja:
- 2–3 verkefni, sem sagt svör við spurningum.
- Sjálfsmat: Eyðublað frá kennara.

Íþróttir:
Í möppuna skal setja:
- Sjálfsmatsblað í líkams- og heilsurækt.

Valgreinar:
Í möppuna skal setja:
Greinargerð úr öllum valgreinum sem þið eruð í, ca. 1 bls. Hér er líka verið að tala um íþróttir og annað sem þið stundið utan skóla og er metið sem valfag. Í þeirri greinargerð, sem fjallar um fag utan skóla, þarf að koma fram hversu oft í viku eru æfingar, hvernig gengur og hvert stefnið þið.

Viðauki 4
Færnimat í sundi fyrir 1. bekk, 4. og 6. bekk. Nemandi og foreldrar fá upplýsingar um færni í lok hvers námsárs.

1. bekkur

Þrepamarkmið:

- ☐ Inn– og útöndun 10 sinnum.
- ☐ Flot á bringu eða baki.
- ☐ Spyrna frá bakka og renna.
- ☐ Bringusundsfótatök við bakka.
- ☐ Skriðsundsfótatök við bakka.

Námsmat
1. Markmiði náð.
2. Framvinda góð.
3. Þarfnast frekari þjálfunar.

Umsögn:

4. bekkur

Þrepamarkmið:

- ☐ 25 m. bringusund.
- ☐ 12 m. skriðsund.
- ☐ 12 m. skólabaksund.
- ☐ 12 m. baksund.
- ☐ Stunga af bakka.

6. bekkur

Þrepamarkmið:

- ☐ Bringusund, stílsund
- ☐ Skriðsund, stílsund
- ☐ Skólabaksund, stílsund
- ☐ Baksund, stílsund
- ☐ 8 m kafsund
- ☐ 15 m björgunarsund
- ☐ 20 mín þolsund
- ☐ 25m skriðsund tímataka, lágmark 35 sek
- ☐ 50m bringusund tímataka, lágmark 74 sek

Námsmat
1. Markmiði náð.
2. Framvinda góð.
3. Þarfnast frekari þjálfunar.

Viðauki 5–A
Hópmat fyrir nemendur 7. bekkjar.

Hópmat – nemenda 7. bekkur

Heiti verkefnis: _____

Hve vel unnum við? **Hópur:**_____

Hve vel vann hópurinn, **setjið hring utan um töluna sem við á** eftir því hvernig þið teljið að ykkur hafi gengið.

Nýting á tíma

1	2	3	4
Miklum tima eytt til einskis.	Fórum oft út fyrir efnið.	Unnum vel eftir að við skildum verkefnið.	Unnum allan tímann að verkefninu.

Mótun hugmynda

1	2	3	4
Lítið gert til að fá hugmyndir.	Hugmyndir komu frá fáum í hópnum.	Fengum fáar hugmyndir, en okkur gekk nokkuð vel að vinna.	Ýtt undir hugmyndir og þær skoðaðar vel.

Færni í að taka ákvarðanir

1	2	3	4
Illa unnið með ágreining.	Einn úr hópnum látinn ráða.	Hlustuðum hvert á annað og unnum vel eftir það.	Gekk mjög vel að vinna saman.

Almennur dugnaður

1	2	3	4
Náðum ekki að klára verkefnið.	Náðum næstum að klára verkefnið.	Kláruðum verkefnið.	Kláruðum verkefnið og gerðum það vel.

Heildarpunktar

Dagsetning _____

Nöfn hópfélaga:

_____

Viðauki 5–B
Matslisti kennara á hópastarfi.

Mat á frammistöðu nemenda í hópvinnu

Verkefni: **Norðurlöndin**

+ Mjög gott
/ Sæmilegt
- Ábótavant

Nafn: _____ Land: _____

Dagsetning																			
Ég tók virkan þátt í starfinu																			
Ég hlustaði á það sem aðrir lögðu til málanna																			
Ég sinnti hlutverki mínu																			
Ég var kurteis																			
Ég tók þátt í umræðum																			

Í lokinn.
Hvernig fannst mér þemað?

_____

Hvað var það besta/versta við þemað? (Rökstyddu svarið)

_____

Mat umsjónarkennara

Sýndi verkefninu áhuga	
Vinnusemi	
Vinnubrögð	
Hegðun í hóp	
Var með gögn	

Umsögn frá kennara: _____

Viðauki 6
Jafningjamat í náttúrufræði.

Náttúrufræði
Dalvíkurskóli
Vor 2010

Jafningjamat á fyrirlestri

Jafningjamat á fyrirlestri byggist einkunn á tvennu: Hversu skýrt og skilmerkilega stjórnendur hennar hverju sinni kynna viðfangsefni sitt og hversu vel þeim tekst að skapa umræður um efnið og stjórna þeim.

Eftirfarandi matsblaði er ætlað að auðvelda nemendum jafningjamat á fyrirlestri. Vinsamlega fyllið út og skilið til kennara. **Gefið 1-5 stig fyrir hvorn lið þar sem 1 er slakast en 5 best.**

Efni fyrirlesturs: _____
Þeir sem eru með fyrirlesturinn: _____
Nafn þess sem metur: _____

1. **Kynning viðfangsefnis**
- Almennur undirbúningur málshefjenda ___stig
- Glærur og / eða önnur framlögð gögntil að styðja við kynningu ___stig
- Skýrleiki og samhengi í framsetningu ___stig
- Tenging við námið ___stig
- Samvinna og samspil þeirra sem flytja ásamt framsögn ___stig

Stig samtals: _____

2. **Umræðustjórn**
- Umræðuefni og spurningar áhugaverð og hvetjandi ___stig
- Leitað eftir sjónarmiðum annarra og þess gætt að andstæð sjónarmið fái að koma fram ___stig
- Stuðlað að virkni þátttakanda og þess gætt að allir komist að ___stig
- Spurningar sem flytendur leggja fyrir aðra ___stig
- Niðurstöður fyrirlesturs ásamt gögnum sem lærdómur fyrir nemendur ___stig

Stig samtals: ____

Athugasemdir: _____
_____
_____
_____
_____

Heildarstig _____

Viðauki 7

Spurningalisti sem sendur var heim fyrir foreldraviðtöl í skólabyrjun.

Nemendaviðtöl
Haust 2009

8. –10. bekkur

Viðtal :

Hvernig leggst komandi skólaár í þig og foreldra/forráðamenn þína?

Hvernig gekk sumarið ? Eitthvað sérstakt sem þú vilt greina frá?

Tengist þú einhverjum sérstökum í bekknum?

Hvernig finnst þér samskipti þín hafa verið við aðra nemendur síðastliðið ár?

Hvernig finnst þér samskipti þín hafa verið við starfsfólk skólans síðastliðið ár?

Hverjar eru þínar sterku hliðar í almennum samskiptum?

Hvaða væntingar hefur þú til þessa skólaárs sem er framundan?

Viltu setja þér einhver markmið fyrir veturinn?

- Hvernig hyggstu ná þessum markmiðum?
- Sérðu fyrir þér að við hér í skólanum getum aðstoðað þig?

Hverjar eru þínar sterku hliðar í námi?

Hvernig finnst þér best að vinna og af hverju?

Með hverjum vinnur þú best í skólanum?

Hvaða þætti þarftu sérstaklega að bæta í námi?

Hvernig undirbýrð þú þig fyrir skóladaginn með tilliti til svefns og matar?

Hver eru helstu áhugamál þín?

Stundar þú íþróttir, tónlistarnám, leiklist – annað?

Hyggst þú vinna með skólanum í vetur?

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum?

Er eitthvað annað sem þú vilt segja okkur frá?

Viðauki 8–A
Marklisti fyrir 3. bekk.

NÁMSMAT Í STÆRÐFRÆÐI

Niðurstöður úr munnlegri og verklegri könnun við lok vetrarannar 2009–2010

Nafn nemanda: _____ Bekkur: _____

	Vel	**Þarf að æfa betur**
Þekkir talnaröðina upp í 1000		
Getur greint tölur í hundruð, tugi og einingar		
Þekkir mun á oddatölum og sléttum tölum		
Getur lagt saman		
Getur dregið frá		
Getur skipt jafnt á milli		
Getur margfaldað með tölum upp að sjö		
Getur mælt í sentimetrum með reglustiku		
Þekkir íslenska peninga og verðgildi þeirra		

_____

umsjónarkennari

Viðauki 8–B
Námsmat í ensku.

Enska Matsblað

Grease

Nafn : _____

Bekkur : _____

	mjög gott	gott	sæmilegt	ábótavant	stig
Útlit og frágangur :					
Verkefni skilað á réttum tíma	3	2	1	0	
Forsíða	3	2	1	0	
Heildarútlit verkefnis	3	2	1	0	
Innihald:					
Efnistök	8	6	4	2	
Orðaforði	8	6	4	2	
Málfræði	4	3	2	1	
Stafsetning	4	3	2	1	

Einkunn : _____

Viðauki 8–C
Marklisti í stærðfræði ásamt vinnuáætlun sem nemdur fengu áður en byrjað var á nýjum námsþætti.

Almenn brot

Kunnátta	bls	Kann	Óöruggt	Kann ekki
Þekkja almenn brot.				
Þekkja teljara.				
Þekkja nefnara.				
Veit hvað blandin tala er.				
Geta borið saman brot og raðað eftir stærð.	101			
Get gert brot samnefnd.	103			
Jafngild brot, get séð hvort brot eru jafngild.	ljósrit			
Get frumþáttað.	104			
Finna samnefnara með frumþáttun.	104			
Lenging brota með frumþáttun.	104			
Samlagning og frádráttur almennra brota.	104			
Margföldun brota, get margfaldað almenn brot saman.	106			
Deiling brota, get deilt með almennum brotum.	110			
Veit hvað margföldunarandhverfa er.	110			

Kjarni: *8–10 bók 3.*
Bls. 99–100 dæmi:1–6
bls.102–105 dæmi: 16–19, 22–31
bls. 105–111 dæmi 34–66

Ítarefni: *8–10 bók 3. Dæmi: 7–15, 20–21, 32–33 + ljósritað efni frá kennara.*

Námsmat: *Kaflapróf*

Tími:
Föstudagur 4. desember: *Töflukennsla; valin dæmi á bls. 99–100. Dæmatími: Reikna niður bls. 100.*
Mánudagur 7. desember: *Dæmatími: Reikna niður bls. 103 + ljósritað efni.*
Miðvikudagur 9. desember: *Töflukennsla; samlagning og frádráttur brota, blönduð tala, frumþáttun og samnefni. Dæmatími: Reikna niður bls. 105.*
Föstudagur 11. desember: *Töflukennsla; margföldun brota. Dæmatími; reikna niður bls. 107.*
Mánudagur 14. desember: *Dæmatími; reikna niður 109 + ljósrit.*
Miðvikudagur 16. desember: *Töflukennsla; deiling brota. Dæmatími; reikna niður 111.*
Janúar: Upprifjun og próf í fyrstu vikunni

Viðauki 8–D
Marklisti í dönsku til að meta verkefni.

Danska
Skólaárið 2009-2010

Smásöguverkefni
9. bekkur

"BANKRØVEREN"

Nafn nemanda : _____

Verkefni skilað á réttum tíma : Já Nei

	mjög gott	gott	Sæmilegt	Ábótavant
Útlit og frágangur :				
🕮 Samræmi í uppsetningu				
🕮 Verkefni í réttri lengd				
🕮 Letur og stafagerð				
🕮 Forsíða og upplýsingar				
🕮 Frágangur / í möppu				
Innihald :				
🕮 Útdráttur				
🕮 Glósur				
🕮 Þýðing				
🕮 Persónur				
🕮 Tími				
🕮 Umhverfi				
Lokaorð				
🕮 Almenn efnistök				

Umsögn: _____

Einkunn : _____

Viðauki 9–A
Námsmatsáætlun fyrir 4.–6. bekk.

4.–6. bekkur

Námsmat – haustönn.
Engir prófadagar, engin lokapróf aðeins kafla- og heimapróf. Upplýsingar sendar heim í annarlok.
Matsblað: Leiðsagnarmat, hegðun og samskipti.
Atkvæðafjöldi í lestri.
Engar einkunnir eru gefnar en umsagnir í verkgreinahópum þegar nemendur skipta um hóp.

4. bekkur	**5. bekkur**	**6. bekkur**
Samskipti og hegðun **Lestur:** Atkvæðapróf. Safna verkefnum í námsmöppuna. Söguaðferðarverkefni – matsblað. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði.	Samskipti og hegðun **Lestur:** Atkvæðapróf. Safna verkefnum í námsmöppuna. Söguaðferðarverkefni – matsblað. **Stærðfræði:** kaflapróf/lotupróf. **Íslenska:** kaflapróf/lotupróf.	Samskipti og hegðun **Lestur:** Atkvæði og orð. Safna verkefnum í námsmöppuna. **Stærðfræði:** kaflapróf/lotupróf. **Íslenska** kaflapróf/lotupróf. **Samfélagsfræði:** heimapróf (Snorri). **Náttúrufræði:** símat, tímaverkefni, vettvangsferðir og úrvinnsla.

Verkgreinakennarar: Skila umsögn um hvern nemanda þegar hann skilar honum frá sér.
Einkunnir eru **ekki** gefnar í tölum.
Nemendur fá að taka sýnishorn af sinni vinnu til að setja í sýnismöppu.

Íþróttir: Skila umsögn um hvern nemanda og verkefnamappa á Mentor gerð aðgengileg fyrir foreldra/forráðamenn.

4. –6. bekkur

Námsmat – vetrarönn.
Allir umsjónakennarar setja setja inn almenna umsögn á Mentor.
Byrjað er að gefa einkunnir í tölum í 6. bekk.

4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur
Stærðfræði: verklegt, munnlegt og skriflegt mat. Heimapróf. **Íslenska:** heimapróf, samvinnupróf. **Lestur:** Atkvæði, lesskilningur. **Samfélagsfræði:** Sjálfsmat á þemavinnu. (Árskógur: heimapróf og mat á verkefnum úr bókinni Komdu og skoðaðu Íslenska þjóðhætti.) **Umsagnir í öllum fögum**	**Stærðfræði:** kaflapróf, samvinnupróf. **Íslenska:** Heimapróf/ samvinnupróf. **Lestur:** Atkvæði og orð, lesskilningur. **Samfélagsfræði:** Sjálfsmat á þemaverkefni, samvinnupróf. **Umsagnir í öllum fögum**	**Stærðfræði**: kaflapróf, samvinnupróf. **Íslenska:** Heimapróf**.** **Lestur**: Atkvæði og orð, lesskilningur. **Samfélagsfræði:** Heimapróf, hópamat á þemaverkefni. **Enska:** Glósupróf/ kaflapróf. **Náttúrufræði:** Könnun. **Einkunnir settar inn í tölum í öllum fögum**

Verkgreinakennarar: Skila umsögn um hvern nemanda þegar hann skilar honum frá sér.
Einkunnir eru **ekki** gefnar í tölum.
Nemendur fá að taka sýnishorn af sinni vinnu til að setja í sýnismöppu.

Íþróttir: Námsmatsblað fyrir hvern nemanda fer heim **fyrir páska** eða þegar íþróttum í íþróttahúsi líkur.

4. –6. bekkur

Námsmat – vorönn
Allir umsjónakennarar setja setja inn almenna umsögn á Mentor.
6. bekkur fær einkunnir í tölum.

4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur
Stærðfræði: Atrennupróf. **Íslenska:** Atrennupróf. **Lestur:** Atkvæði, lesskilningur. **Samfélagsfræði:** Sjálfsmat á þemaverkefni, samvinnupróf. **Trúarbragðafræði:** Verkefnamat.	**Stærðfræði:** Atrennupróf. **Íslenska:** Atrennupróf. **Lestur:** Atkvæði og orð, lesskilningur. Framsagnarpróf. **Samfélagsfræði:** Sjálfsmat á þemaverkefni, samvinnupróf. **Náttúrufræði:** mat á verkefnum og skýrslum. **Trúarbragðafræði:** Samvinnuverkefni. **Enska:** Atrennupróf.	**Stærðfræði:** Atrennupróf. **Íslenska:** Atrennupróf. **Lestur:** Atkvæði og orð. **Lesskilningur:** Atrennupróf, framsagnarpróf **Samfélagsfræði:** Hópamat á þemaverkefni, samvinnupróf. **Náttúrufræði:** Þemaverkefni – sjálfsmat og hópamat. **Trúarbragðafræði:** Samvinnuverkefni, heimapróf/verkefni. **Enska:** Atrennupróf.
Umsagnir í öllum fögum **Atrennupróf er 3 daga próf**	**Umsagnir í öllum fögum** **Atrennupróf er 4 daga próf**	**Einkunnir í tölum** **Atrennupróf er 5 daga próf**

Verkgreinakennarar: Skila skal umsögn um hvern nemanda þegar kennari skilar honum frá sér. **Ekki** einkunnir í tölum. Nemendur fá að taka sýnishorn af sinni vinnu til að setja í sýnismöppu.

Íþróttir/sund: Skila umsögn um hvern nemanda og verkefnamappa á Mentor gerð aðgengileg fyrir foreldra/forráðamenn. Leiðbeinandi námsmat í sundi fer heim á sérstöku blaði.

Viðauki 9–B
Námsmatsáætlun fyrir 7. –10. bekk.

Skipulag námsmats og foreldrasamstarfs á eldra stigi Dalvíkurskóla
-Unnið á starfsdegi 6. apríl 2010-

Ágúst
Foreldraviðtöl

- Viðtöl byrja sama dag og skólasetning er.
- Markmið fyrir október leiðsagnarmat komi fram í þessu viðtali. – Áherslur á haustönn til grundvallar í viðtalinu. Eyðublað verði til í vor. Afhenda foreldrum markmiðin.
- Útbúa þarf bækling, afhentur í viðtalinu, þar sem upplýsingar um námsmat, sýnismöppu og skipulag vetrarins koma fram.

Október
Fyrir 15. október er leiðsagnarmati skilað til foreldra um virkni og hegðun. Haft er samband við foreldra eftir þörfum.

- Námsmatslistar frá hausti 2009 útbúnir fyrir þetta Mentor mat.

Nóvember
Í annarri viku nóvember er prófavika. Foreldrar fá upplýsingar um námslega stöðu í síðustu viku mánaðrins.

- 5 daga möppupróf með hjálparmiðum. Prófað er í: Íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku. Námsmat í öðrum greinum fer fram í tímum.

Febrúar
Foreldrar fá upplýsingar um námslega stöðu um miðjan mánuðinn og foreldraviðtöl í kjölfarið. Námsmat miðannar byggist á símati. Kennarar nota verkefni, ritgerðir og kaflapróf sem nemendur hafa tekið, gildir um allar námsgreinar og gefur einkunn í tölum. Þessar upplýsingar þurfa að fara heim á útprentuðu blaði úr Mentor í töskur nemenda án umslags.

Maí
Prófadagar eru eftir miðjan mánuðinn. 8.–10 bekkur er með **þrjá** formlega prófadaga.
10. bekkur tekur eitt próf á dag. Þau próf þurfa að sýna stöðu nemandans samkvæmt kröfum námskrár.
Í 8. og 9. bekk skulu nemendur taka 5 próf á þessum þremur dögum.
7. bekkur þreytir sín próf innan stundarskrár en ljúki skóladegi fyrr.

Námsmappa er til sýnis á vordögum, upplýsingar um það sem í henni á að vera eru afhentar í foreldraviðtali að hausti.

Á milli formlegs námsmats fara upplýsingar um einstök verkefni og próf heim til foreldra.

Tiltekið verkefni til námsmats má ekki gilda meira en 50%